



3. fundur aðalstjórnar Vestra starfsárið 2025-2026

Haldinn miðvikudaginn 25. mars 2026 kl. 18.00 í Safnahúsinu, Ísafirði

Mætt voru: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðni Guðnason og Hlynur Reynisson. Halla Sigrún Sveinbjörnsdóttir var gestur á fundinum.

- 1. Beiðni um stofnun rafíþróttadeildar.** Halla Sigrún Sveinbjörnsdóttir mætti fyrir hönd áhugamanna um rafíþróttir sem hafa óskað eftir að stofnuð verði Rafíþróttadeild innan íþróttafélagsins Vestra. Kynnti hún tillögu að uppsetningu og markmiðum slíkrar deildar, ásamt rökstuðningi fyrir mikilvægi slíks starfs fyrir börn og unglunga í samfélaginu. Voru fundarmenn samþykkir þessari beiðni en bentu á að skv. lögum félagsins þurfa nýjar íþróttagreinar að hefja starfsemi undir almenningsíþróttadeild félagsins. Samþykki aðalfundar þarf fyrir stofnun nýrrar deildar.
- 2. Beiðni um stofnun glímudeildar.** Formaður kynnti erindi sem borist hefur frá Stígi Berg Sophussyni um glímudeild innan Vestra. Fundarmenn tóku jákvætt í erindið og óska eftir frekari upplýsingum um tilhögun á starfsemi slíkrar deildar. Skv. lögum félagsins hefja nýjar íþróttagreinar starfsemi undir almenningsíþróttadeild félagsins og þarf samþykki aðalfundar fyrir stofnun nýrrar deildar.
- 3. Lottótekjur.** Gjaldkeri fór yfir stöðuna á greiðslu lottótekna. Ennfremur ræddi hann skuld félagsins við Endurskoðun Vestfjarða og sagði óhjákvæmilegt að lottótekjur færu í að greiða hana.
- 4. Aðalfundur 2026.** Ákveðið að boða til aðalfundar miðvikudaginn 29. apríl 2026.
- 5. Önnur mál.** Engin önnur mál rædd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.15.